

Verklagsreglur Heiðarskóla vegna ófullnægjandi skólasóknar

Þrep 1

5—9 fjarverudagar

Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá umsjónarkennara. Tölvupóstur úr Mentor síðasta skóladag hvers mánaðar að undanskildum ágúst.

Þrep 2

10—14 fjarverudagar

Umsjónarkennari á samtal við foreldra og nemanda ef við á miðað við aldur og þroska. Skýringa leitað á fjarvistum og foreldrum kynnt næstu skref í þrepi 3, 4 og 5.

Þrep 3

15—19 fjarverudagar

Umsjónarkennari boðar til fundar með foreldrum, fulltrúa stoðþjónustu og nemanda ef við á miðað við aldur og þroska. Gerð er áætlun um næstu skref og/eða mætingarsamningur. Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna kynnt fyrir foreldrum.

Þrep 4

20—29 fjarverudagar

Skólastjórnendur boða til fundar með foreldrum, umsjónarkennara, fulltrúa stoðþjónustu og nemanda ef við á. Fyrri áætlun endurskoðuð og næstu skref ákveðin. Veitt er leiðsögn við að óska eftir samþættri þjónustu í þágu farsældar barns. Nemendaverndarráð fjallar um erindið og styður við áætlun með vitneskju foreldra. Skólastjóri sendir inn tilkynningu til barnaverndar ef metið er svo.

Þrep 5

30 dagar eða fleiri

Foreldrar upplýstir um að mál verði tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi. Skólastjóri sendir inn tilkynningu til barnaverndar.